

Skóla-akur



Vefrit um skólamálf 8. tbl. 10. árg. 12. maí 2016

Myndir augnabliksins eru frá búningadegi á Pálmholti.



10 ára afmæli Hólmasólar.

Afmælisdagurinn hófst á því að nokkur börn ásamt skólastjóra fóru og flögguðu íslenska fánanum. Klukkan 09.00 hittust allir, börn og kennarar á Miðstöð og sungu afmælissönginn og nokkur önnur skemmtileg lög undir stjórn Möggu Pálu. Opíð hús var milli kl. 13.00 og 15.00, afmælskaka og djús voru svo í boði fyrir gesti í Miðstöð.

Listaverk eftir börnin voru á veggjum og einnig voru þau með óvæntar upptakur í opna húsinu.

Margir komu í heimsókn á þessum skemmtilega afmælisdegi og vilja nemendur og starfsfólk þakka öllum fyrir komuna.



Málþing um starfshætti í skólum.

Að greina sundur hina flóknu þræði - Vandamálavæðing eða starfsþróun í skólum?

Laugardaginn 28. maí nk. kl. 10.00-15.30 verður haldið málþing um starfshætti í skólum. Markmið þingsins er að vekja umræðu um stefnuna skóli án aðgreiningar og hvernig starfshættir í skólum hafa þróast m.t.t. hennar. Þingið fer fram í Hátiðarsal Háskólans á Akureyri og er öllum opið.

Sjá nánar: <http://www.msha.is/is/moya/news/malthing-um-starfshaetti-i-skolum>



Lausnastaður nemenda.

Í Glerárskóla hafa fulltrúar allra bekkja skólans og tveir umsjónarkennarar komið upp lausnastöðum. Lausnastaðurinn er eitt af verkfærum Jákvæðs aga og mun koma nemendum og starfsfólki Glerárskóla vel. Í skólanum er litið á mistök sem tækifæri til að læra og þegar nemendur gera mistök er þeim kennt að taka ábyrgð og vinna í málunum. Þegar leysa þarf mál sem upp hafa komið er hægt að bjóða þeim sem að málinu koma á lausnastaðinn. Þangað fer þó enginn nema að fá til þess leyfi, þeir séu í jafnvægi og tilbúnir til þess að takast á við það sem upp kom.

Á lausnastaðnum eru hin ýmsu verkfæri s.s. lausnahjól, hugmyndir að lausnaleit, þrjú skref fyrirgefningar og VAL (viðurkenna – afsökunarbeiðni – lausn). Þessi verkfæri hjálpa til við ferlið þannig að lausnaleitin verði markviss og skili árangri.

Fulltrúar allra bekkja skólans komu saman í þrjú skipti og unnu að lausnastaðnum og gekk sú vinna frábærlega. Þegar þeirri vinnu var lokið var lausnastaðurinn kynntur öllum nemendum skólans.



Vortónleikar Rytmísku söngdeildar.

Rytmíska söngdeild Tónlistarskólans á Akureyri ætlar að eiga huggulega stund saman í Hofi og syngja uppáhalds djasslög sín. Með þeim verður sönghljómsveit skólans og kennaraband skólans. Tónleikarnir verða fimmtudaginn 12. maí kl. 17:00 í Hömrum. Aðgangur er ókeypis.

Skóla-akur er vefrit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri.

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.